

Strengjum áramótaheit og brjótum til mergjar. Nú er ár „hugserðingar“ að líða í aldanna skaut

Hetja er fallin í valinn. Janet Ossebaard, rannsóknarblaðamaður, framdi sjálfsmorð. Hún vann afrek á sviði rannsóknarblaðamennsku með lífsförunauti sínum, Cynthia Koeter. Janet hefur vakið sum okkar til skýrari vitundar um mannlífið á bak við tjöldin, hin dýpri hreyfiöfl, djúpríkið eða huliðsstjórnina (cabal, deep state, illuminati).

Hún átti við ramman reip að draga eins og við hin. Vitundariðnaðurinn blómstrar. Lög banna að fjallað sé um tiltekin málefni, huliðsöflin beita fjölmiðlum, heilapvegnum sértrúarhópum (woke) og nýrri stétt sannleiksfrömuða (fact checkers) gegn frjálsri hugsun og málfrelsi.

Við erum stöðugt fjötruð í nýjar viðjar laga, reglugerða og forsjárhyggju. Sjálfvaldið er orðið harla klént. Sama á við um fullveldi þjóðarinnar. Við erum fjötruð í alls konar alþjóðasamtökum undir stjórn þeirra, sem reka okkur eins og sauði í rétt og draga okkur í dilka. Sum – gagnlausu átvöglin – eru rekin í sláturhúsið. Þau, sem á vetur eru setjandi, eru svo forrituð með ýmsum hætti til þátttöku í alræðisheimi. Þar verðum við sælir öreigar.

Huliðsöflin hafa starfað grimmt á okkur á nýliðnu ári, m.a. í veustríðinu, múlbindingarstríðinu, Úkraínustríðinu og nú í Ísrael/Palestinu. Rithöfundurinn Christoffer J. Hopkins, kallar það ár hugserðingar (mind fucking).

Næsta ár gæti samkvæmt orðum, Klaus Schwab, forstjóra Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum), orðið ár „Svarta svansins,“ óvæntra atburða. Hann mun þenja vængina, skapa miklu meiri grundroða, skelfingu og tjón en veiruvitfiringin. Um er að ræða netaftengingu eða netalmyrkva – hugsanlega nýja veiru.

Alheimsefnahagsráðið (milljarðamæringanna) er félag ríkustu einstaklinga og fyrirtækja – og útvalinna stjórnámálamanna. Alheimsefnahagsráðið og Sameinuðu þjóðirnar vinna saman að svokölluðu Sjálfbærnimarkmiðum og ritskoðun á öllum vígstöðvum.

Alheimsefnahagsráðið rekur skóla fyrir „unga“ leiðtoga. Katrín Jakobsdóttir er þar á meðal í fríðum flokki lærisveina og – meyja. Hún rekur einnig áróður fyrir stefnuskrá

beggja – með kven- og kynfrelsun sem sérstakan vettvang hjá Alheimsefnahagsráðinu og sem sérstakur fulltrúi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (Sameinuðu þjóðanna). Nú vilja bæði samtökin gera gangskör að því að þagga niður í fólki, múlbinda það.

Samherji Katrínar í Noregi, Gro Harlem Brundtland, er í öngum sínum: „Við erum hér um bil að missa stjórn á því, sem fólki er sagt.“ Það eru að sönnu skelfilegar fréttir.

Nýjustu tíðindin eru þau, að páfinn sjálfur hafi veitt Alheimsefnahagsráðinu heimild til að endurskoða sjálft höfuðritið; Biblíuna.

Það er ekki bitið úr nálinni á sviði hörmungaspádóma. Búist er við efnahagshruni í Bandaríkjunum á árinu. Peningaframleiðsluspilaborgin fellur – og við með eins og ævinlega. „Já, það er fjör,“ sagði Eiríkur Fjalar.

Norski leikarinn og stjórnsmálaskýrandinn, Jan Edgar Hårstad, er ómyrkur í máli um horfurnar fyrir 2024:

„Í Ísrael er fjöldinn allur af klofningshópum, sem mun leggja sig í líma við að spilla sérhverri tillögu um stríðsrekstur samkvæmt þjóðréttarreglum, ályktunum Sameinuðu þjóðanna og réttlátum lausnum. Því mun stríðið sífellt dragast á langinn og særa Bandaríkin og fjölda ríkja í Miðausturlöndum til þátttöku árið 2024. Aukin heldur hafa bæði Alkæda og IS látið þau boð út ganga, að stríðið verði háð á alþjóðagrundvelli.“ (Fyrirnefnd samtök voru stofnuð af leyniþjónustum Vesturlanda, einkum Breta og Bandaríkjamanna.)

Sagnfræðingurinn, Craig Murray, fyrrum sendiherra Breta, er heldur ekki bjartsýnn:

„Ég er þess fullviss, að um þessar mundir munum við verða vitni að meiri áróðri, fölskum hryðjuverkum og hagsmunareknum hryðjuverkum (agent provocateur). Það er einasta von valdkerfisins (establishment) um að ná aftur tökum á áróðurfrásögninni.“ (Craig bíður rannsókn samkvæmt bresku hryðjuverkalöggjöfinni fyrir skrif sín.)

Einu sinni var í stríðsbrjáluðum Bandaríkjum forseti, sem var drepinn í þágu stríðs, mannvonsku og græðgi, John Fitzgerald Kennedy (1917-1963), því hann vildi svipta huliðsstjórninni völdum og vinna að friði:

„Því er það, að ég hef valið þennan stað og stund til að ræða málefni, sem alltof oft er rætt af fávisku og brýtur í bága við sannleikanum. Og þetta er mikilvægasta málefni á allri jarðarkringlunni. Hvers konar frið á ég við og hvers konar friði sækjumst við eftir?

Hvorki Ameríska [bandaríska] friðnum (Pax Americana), sem grundvallast á amerísku [bandarísku] vopnaskaki, né gröfinni eða þræslundinni (security of the slave). Ég tala um ósvikinn frið. Þess konar frið, sem stuðlar að vexti þjóða og von um að skapa börnunum betra líf, en ekki einvörðungu frið í heimahögum Norður-Ameríkumanna, heldur frið sem allir karlar og konur megi búa við, nú á voru méli og um alla framtíð.“

Bandaríkin hafa alið fleiri friðarins menn, forseta og ríkisstjóra þar á meðal. William Gilpin (1813-1894), landkönnuður og ríkisstjóri, var einn þeirra. Hann dreymdi 1890 um að tengja samfélög og álfur í anda frumkristni, þannig að „[v]opnum til gagnkvæmrar slátrunar væri kastað fyrir róða; blóðþorstanum haldið í skefjum, meirihluti mannkyns myndi aðhyllast frumkenningar kristinnar í raun og sann. ...

Það myndi uppgötvast rými fyrir iðnaðardygð og iðnaðarvald. Siðaður múgur úr hinum ýmsu heimshornum blési til fundar; upplýsing þeirra yrði gagnkvæm, svo og vilji til að sættast í samlyndi við Guð og náttúru. Veröldin yrði ekki lengur herstöð, þar sem réðu lögmál geðþóttahernaðar og þrælslegrar kúgunar. Á grundvelli þessarar víðtæku uppgötvunar og atburða skyti rótum stórkostleg skipan um málefni mannkyns.“

Enn hefur draumur William ekki ræst. Síðustu 22 árin hafa stríð Bandaríkjamanna kostað bandaríska skattgreiðendur 9.047.778.884.711 dali eða 93.26 milljónir á klukkustund. Þá er óreiknaður kostnaður fórnarlambanna, limlestingar og dráp.

Lýðræðinu stafar ógn af stríðsöldum auðjöfrum, stjórn mála- og embættisönnum. Það er líklega óumdeilt. En fen er oft fótum nær en hyggur. Ástralskir vísindamenn hafa nú komist að því, að skop, spaug, spott og spé, kímni og kátína, sé ekki síður varhugaverð – sérstaklega upp á fjarlægju hægri hliðina (far right). Það er ekki ofsögum sagt að vandlifað sé í heim hér.

Ættum við að sammælast um að strengja þetta áramótaheit; færum valdið til þjóðarinnar og endurheimtum sjálfvaldið. Látum oss leggja lóð á vogarskálar friðar, en ekki drápa og dólgháttar?

<https://expose-news.com/2023/12/28/the-sequel-to-the-fall-of-the-cabal-parts-1-5-in-honour-of-janet-ossebaard/>

<https://rumble.com/v433hnh-pope-francis-authorizes-wef-to-rewrite-fact-checked-holy-bible.html>

https://piersrobinson.substack.com/p/the-perils-of-studying-propaganda?utm_source=profile&utm_medium=reader2

https://www.igor-chudov.com/p/humor-is-a-danger-to-our-democracy?utm_source=post-email-title&publication_id=441185&post_id=139221365&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://journals.sagepub.com/doi/10.1177/15274764231213816>

<https://www.craigmurray.org.uk/archives/2023/12/what-we-have-learned/>

https://matthewehret.substack.com/p/the-british-empires-gnostic-revival?utm_source=post-email-title&publication_id=260045&post_id=140087303&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://www.nationalpriorities.org/cost-of/war/>

<https://informationclearinghouse.blog/2023/12/24/president-john-f-kennedys-peace-speech/>

https://steigan.no/2023/12/nar-eliten-sier-det-rett-ut-informasjonskontroll/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www3.weforum.org/docs/WEF_Cybersecurity_Futures_2030_New_Foundations_2023.pdf

https://steigan.no/2023/12/wef-gar-til-kamp-mot-feilinformasjon-pa-nettet-og-krever-handling-sensur/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/12/hva-er-world-economic-forum/?utm_source=substack&utm_medium=email
https://steigan.no/2023/12/hva-er-world-economic-forum/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/12/vil-gazakrigen-bli-global-i-2024/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://vigilantnews.com/post/economist-claims-2024-will-bring-biggest-crash-of-our-lifetime/?amp=1&utm_source=substack&utm_medium=emailhttps://vigilantnews.com/post/economist-claims-2024-will-bring-biggest-crash-of-our-lifetime/?amp=1&utm_source=substack&utm_medium=email

<https://2vbqh.r.sp1-brevonet/mk/mr/sh/1t6AVsd2XFnIGLnFwrW29TkyPWsf5d/uYH4bqb2P5r7>

<https://expose-news.com/2023/12/20/schwabs-warnings-to-globalists-about-black-swan-events/>

<https://stopworldcontrol.com/cabal/>

<https://stopworldcontrol.com/q/>

<https://www.youtube.com/watch?v=aqsYqx8w8cM>

<https://www.thaimbc.com/2023/12/05/journalist-who-exposed-wef-reported-missing-feared-dead/>

https://cjhopkins.substack.com/p/the-year-of-the-mindfuck?utm_source=post-email-title&publication_id=298057&post_id=139980838&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email